

ERINDISBRÉF

fyrir fiskimatsmenn.

71

3. júlí

1. gr.

Fiskimatsmenn eiga að leggja stund á að verða sem færastir í að geta dæmt um gæði saltfiskjar og sem leiknastir í að flokka hann. Þeir skulu jafnan hafa það hugfast, að vanda ber til matsins eftir því, sem frekast er unnt, svo að álit islensks fiskjar í neyzlulöndunum megi vera sem bezt.

2. gr.

Yfirfiskimatsmaður er yfirboðari þeirra og eru þeir aðstoðarmenn hans við fiskimat og umsjón við vigtun og útskipun saltfiskjar og hleðslu hans í skip þau, sem hann er fluttur út í. Hann kveður þá til vinnunnar og skiptir henni á milli þeirra og segir þeim fyrir verkum.

Þeir skulu vera til taks, þegar hann kallar þá til vinnu við fiskimat.

Ef þeir ætla að verða burtu frá heimili sínu nokkuð langan tíma, skulu þeir gera honum aðvart um það fyrirfram og fá til þess leyfi hans.

3. gr.

Fiskimatsmenn eru skyldir að fara eftir fyrirskipunum yfirfiskimatsmanns og leitast við að gera honum til hæfis, þegar þeir vinna undir stjórn hans.

4. gr.

Fiskimat til útflutnings skal framkvæmt af tveimur matsmönnum í einu, svo að tveir þeirra geti vottað um allan fiskinn, eins og tíðkæzt hefir að undanfögnu.

Þeir skulu jafnóðum gefa yfirfiskimatsmanni nákvæma skýrslu um fisk þann, er þeir hafa metið. Hann segir matsmönnum fyrir um, hvernig haga skuli skýrslunni.

Fiskimatsmaður má ekki gefa út fiskimatsvottorð, nema eftir fyrirskipun yfirfiskimatsmanns í hvert sinn eða eftir umboði frá honum.

Komi það fyrir við vinnuna, hvort sem er við skoðun og mat fiskjar, umsjón með vigtun hans, þökkun, útskipun eða hleðslu í skip, að matsmenn séu í efa um eitthvað eða komi eitthvað fyrir, sem yfirfiskimatsmaður hefir ekki gefið þeim fyrirskipanir eða leiðbeiningar um, skulu þeir leita til hans, og fá fyrirskipanir um hvað gera skuli, en verði því ekki við komið, skulu þeir gera það sem þeir telja réttast og skýra honum svo frá því sem fyrst, og áður en hann gefur út fiskimatsvottorðið.

Þeir skulu og skýra honum frá eða leita hans, ef þeim er sýnd nokkur óhlýðni af vinnufólki eða skipsmönnum eða öðrum, sem hafa með fiskinn að sýsla.

71

3. júlí

Þeir fá í kaup fyrir vinnu sína 2 — tvær — kr. um hverja klukkustund, en á helgidögum og við eftirvinnu 2 kr. 50 aur. hvort sem það er við flokkun fiskjarins, umsjón með vigtun hans, útskipun, hleðslu eða annað. Fari matið fram utan hinnar löggiltu verzlunarlóðar telst borgunin fyrir þann tíma, er þeir verða að vera að heiman. Er þeim stranglega bannað að taka á móti nokkurri annari þóknun, hverju nafni sem nefnist, frá þeim, sem fiskinn senda út, frá skipstjórum eða skipsmönnum, eða öðrum, sem hafa með fiskinn eða skipið, sem á að flytja fiskinn, að sýsla.

6. gr.

Þeir, sem fiskurinn er metinn fyrir, gjalda fiskimatsmönnum kaup fyrir vinnuna við fiskinn, og eiga þeir heimtingu á að fá kaup sitt greitt eftir reikningi. Verði deila um réttmæti reiknings milli fiskimatsmanns og eiganda, úrskurðar yfirfiskimatsmaðurinn um réttmæti hans.

7. gr.

Aðalstarf þeirra er við fiskimat á þeim stað, sem þeir eru skipaðir. Þó eru þeir skyldir að fara til annara staða í umdæmi yfirfiskimatsmanns, þegar hann kveður þá til að starfa þar við fiskimat. Fiskimatsmanni er skylt að framkvæma yfirfiskimatsmanns störf er yfirfiskimatsmaður kveður hann til þess í forföllum sínum.

Fyrir vinnu við fiskimat utan svæðis þess, er þeir eru skipaðir fyrir, fá fiskimatsmenn sömu tímaborgun og getur um í 5. gr., er einnig telst fyrir þann tíma, er þeir þurfa til ferðarinnar fram og aftur, og auk þess fæðispeninga og ferðakostnað eftir reikningi.

Ef matsmenn verða veðurtepptir á fiskimatsferðum þessum eða verða að biða af því veður leyfir eigi að starfa að fiskimati, skulu þeir fá í daglaun 15 kr. á dag auk fæðispeninganna.

Yfirfiskimatsmaður úrskurðar reikninga þeirra, ef hlutaðeigendur geta ekki komið sér saman.

8. gr.

Matsmenn rita undir eiðstaf um, að þeir vilji með alúð og kostgæfni rækja skyldur þær, sem á þeim hvíla og hlýðnast ákvæðum erindisbréfs þessa.

Matsmenn eru skyldir að sætta sig við þær breytingar, sem gjörðar kunna að verða á erindisbréfi þessu.

Sannist þær misfellur á vottorði yfirfiskimatsmanns, er álíta verður að stafi af vítaverðu gáleysi eða vanrækslu, ber hann ábyrgð á tjóni því, er þar af leiðir. Auk þess getur ráðuneytið svipt hann stöðu sinni fyrirvaralaust. Þó telst hann sýkn saka geti hann sannað að einhverjir af undirmönnum hans eigi sök á misfellunum. Bera þá hinir seku undirmenn ábyrgðina af tjóninu og má þá einnig svipta þá stöðu sinni, ef ástæða þykir til.

9. gr.

71

Hér með er úr gildi felld erindisbréf fyrir fiskimatsmenn frá 7. apríl 1922³ júlí og önnur ákvæði, sem síðar hafa verið sett um starf þeirra.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 3. júlí 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.

R E G L U G E R Þ

72

9. maí

um stjórn veiðimála og eftirlit með veiði.

1. gr.

Atvinnumálaráðherra hefir yfirumsjón allra veiðimála.

2. gr.

Til aðstoðar ráðherra um stjórn veiðimála skal vera veiðimálanefnd og fiskiræktarráðunautur, sem er starfsmaður Búnaðarbanka Íslands.

3. gr.

Veiðimálanefnd skal skipuð eins og fyrir er mælt í 76. gr. laga nr. 61/1932, um lax- og silungsveiði, og skal hún starfa eftir þeim lögum.

4. gr.

Fiskiræktarráðunautur skal hafa á hendi öll þau störf og verkefni, sem veiðimálastjóra eru falin í lögum nr. 61/1932, með þeim undantekningum, er nú skal greina:

1. Tillögur um undanþágu frá banni við veiði í ósum ár eða stöðuvatna, samkvæmt 15. gr. 1.—3. málsgrein.
2. Tillögur um veiðitíma samkvæmt 16. gr.
3. Tillögur um veiðiskirteini samkvæmt 20. gr.
4. Tillögur um stytting friðunartíma samkvæmt 22. gr.
5. Meðmæli með stofnun fiskiræktarféлага samkvæmt VIII. kafla.

5. gr.

Störf þau, sem eftirlitsmönnum við veiðivötn eru ætluð samkvæmt 77. gr. laga nr. 61/1932, skulu falin hreppstjórum í þeim hreppum, sem liggja að veiðivötnum.